



Borgarnesi 17.05 2023

Alþingi
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, 976 mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandshelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) með tölvupósti dags. 28. apríl 2023.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa undanfarin ár sent frá sér ályktanir um nauðsyn þess að gera breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða.

Á Haustþingi SSV sem fór fram dagana 21 og 22 september 2022 segir í ályktun „Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðað. Núverandi fyrirkomulag skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.“

SSV fagnar því að fram sé komið frumvarp á Alþingi sem við teljum að muni tryggja ábyrgari, hagkvæmari og fyrirsjáanlegri veiðar og þar með traustari rekstrarskilyrði fyrir sjómenn og vinnslur. Hafnir á Vesturlandi hafa sumar hverjar verið einn helsti löndunarstaður grásleppu og á Vesturlandi hafa einnig verið öflugar vinnslur. Við horfum til þess að nýtt fyrirkomulag hrognkelsaveiða muni skapa byggðafestu og efla atvinnulíf á Vesturlandi.

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV